

71 hefir hans hátign konunginum þóknast 8. f. m. eptir allraþegnsamlegastri tillögu ráð-
11. júní, gjafans um málið að fallast á, að ofan nefnt lagafrumvarp hljóti ekki konungsstaðfestingu.

Þetta er eigi látið hjálíða hjer með þjónustusamlega að tjá yður, herra lands-
höfðingi, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar í B-deild Stjórnartíðindanna.

72 Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja út af þingsályktun um toll
13. júní á íslenskum fiski á Spáni. — Með þóknanlegu brjefi 25. ágúst f. á. hafð þjer, herra
landshöfðingi sent hingað ályktun, er samþykkt var af alþingi á aukþinginu í fyrra, og
er þar fastlega skorað á stjórnina að bæta hið bráðasta úr hinni brýnu nauðsyn landsins
með því nú þegar að gjöra þær ráðstafanir, sem með þarf, til þess, að tollmunur sá,
landinu og verzlun þess í óhag, sem spillir markaðinum á Spáni fyrir fisk þangað flutt-
an frá Íslandi og þar verkaðan, og sem um undanfarin ár hefur valdið landsbúum ær-
ins fjártjóns, verði sem allra fyrst afnuminn. Þjer hafð um leið mælt hið bezta með
því að ráðgjafinn ljeti sjer umhugað um málefni þetta og tekið það fram, að þó að al-
þinginu hefði verið það kunnugt, að stjórninni væri einkar annt um þetta mál, og að
tálmanirnar fyrir því að það næði fram að ganga, hefðu komið úr annari átt, þá hefði
það þó, vegna þess hve fjarska-þýðingar mikið mál þetta væri fyrir landið og með tilliti til
bænar skráafjölda þess, er um málið höfðu komið til þingsins, álitid, að sjer bæri að láta
í ljósi óskir sínar og vonir um að stjórninni mætti takast að koma þeirri skipun á
þetta velferðarmál Íslands, er vel mætti við una.

Út af þessu læt jeg eigi hjá líða þjónustusamlega að tjá yður til þóknanlegrar
leiðbeiningar, og til þess að þjer getið svarað fyrirspurnum á alþingi, er fram kynnu að
að koma, að stjórnin aldrei hefur misst sjónar á máli þessu, að gjörðar hafi verið, síð-
an felldur var í ríkisþinginu verzlunar- og siglingasamningur sá við Spán, er fyrir það
hafði verið lagður, ýmislegar tilraunir til að bæta úr því óhagræði, er leiddi af því að
slíkan samning vantaði, en að þessar tilraunir hefðu orðið árangurslausar, og að stjórn-
in hefði þá von, að henni mundi takast að semja svo við ríkisþingið á næstu samkomu
þess, að þetta málefni verði til lykta leitt, svo að við megi una einnig fyrir Íslands
hönd.

73 Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um synjun konungsstaðfest-
13. júní ingar á frumvarpi til laga um stofnun lagaskóla. — Með brjefi 16. sept. 1885 sendi
þáverandi landshöfðingi Thorberg hingað frumvarp til laga um stofnun lagaskóla á Ís-
landi, sem komið hafði fram af hálfu þingmanna, og síðan var samþykkt á alþingi
1885.

Með þessu frumvarpi hefur alþingi breytt frá aðferð sinni 1883 til að koma á
innlendum lagaskóla, þar sem lagaskólinn þá var tengdur við hinar tvær æðri mennt-
unarstofnanir í Reykjavík, reyndar að eins að ytri álitum, en nú hefur alþingi horfið apt-
ur að þeirri aðferð, sem nokkrum sinnum hefur verið áður höfð, að koma beinlínis fram
með frumvarp um stofnun hinnar þriðju menntunarstofnunar í landinu til menntunar
löfræðinga.

Munurinn á þessu frumvarpi og frumvarpi því, sem alþingi síðast samþykkti
um þetta efni, og sem neitað var staðfestingar með konungsúrskurði 29. febr. 1884 (sbr.
ráðgjafabrjef 31. marz s. á.), er að efninu til einungis sá, að hinum fyrirhugaða 2. kenn-
ara við skólann eru ætlaðar 2500 kr. í laun í stað 2400 kr., að ráðgjafinn á að semja